

Mánudaginn 22. apríl 1974.

Nr. 163/1971: Þorvaldur Jónasson

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Sigurbjörgu Guðjónsdóttur

og Sveini Árnasyni

(Sveinn Árnason, eiginmaður stefndu,

Sigurbjargar Guðjónsdóttur).

Dómsendur:

hæstaráttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr
og Einar Arnalds,

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 29. mars 1971, en útivist varð í málinu hinn 3. maí 1971, er það skyldi þingfest. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 22. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. september s. á.

Í málflutningi hér fyrir dómi féll áfrýjandi frá kröfum á hendur stefnda, Sveini Árnasyni, en af hans hendi eru engar kröfur uppi hafðar gegn áfrýjanda.

Kröfur áfrýjanda í málinu eru þær, að stefnda, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, verði dæmd til að greiða honum kr. 9.695.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 10. júlí 1969 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar, þar með talinn löghaldskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Agreiningslaust er, að Sveinn Árnason, sem stefnt var í málinu í héraði, kom fram í umboði stefndu, Sigurbjargar Guðjónsdóttur, einkaeiganda verslunarinnar Fiskbúrsins, við kaup á bifreiðinni R 8685 svo og í skiptum sínum við áfrýjanda.

Seljandi bifreiðarinnar R 8685, Guðmundur Einarsson, færði bifreiðina til viðgerðar hjá áfrýjanda, eftir að stefnda festi kaup á henni. Hann hefur eigi verið krafinn vættis um

það, í hvers nafni hann bað um viðgerðina, eða um önnur skipti við málsaðilja. Afsalið fyrir bifreiðinni bendir til þess, að viðgerðin hafi ekki átt að vera fyrir reikning Guðmundar. Sveinn Árnason eða starfsmenn hans fylgdust með viðgerðinni fyrir hönd stefndu, og Sveinn veitti bifreiðinni viðtöku að lokinni viðgerð og skoðun. Hann hefur viðurkennt, að hann hafi greitt að einhverju leyti efnisreikninga vegna viðgerðarinnar. Gögn máls gefa ekki til kynna, að Sveinn hafi gert áfrýjanda ljóst, að hann teldi viðgerðina ekki fara fram á vegum stefndu. Þykir áfrýjandi samkvæmt þessu hafa mátt treysta því, að hann gæti krafið stefndu um greiðslu fyrir viðgerðina. Verða kröfur áfrýjanda því teknar til greina, en ágreiningur er ekki um fjárhæð kröfunnar eða vexti.

Dæma ber stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Jónassyni, kr. 9.695.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 10. júlí 1969 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 17. þ. m., hefur Þorvaldur Jónasson bifreiðaviðgerðarmaður, Hátúni 9, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. desember 1969, á hendur þeim Sigurbjörgu Guðjónsdóttur, Huldulandi 14, og Sveini Árnassyni, Laugarnesvegi 44, báðum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 10.095.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. júlí 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, þar með talinn löghaldskostnaður að fjárhæð kr. 1.852.00.

Jafnframt krafðist stefnandi staðfestingar á löghaldi, er lagt var

á bifreiðina R 8685 hinn 5. desember 1969 til tryggingar framan- greindum dómkröfum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 400.00 og lýsti því jafnframt yfir, að þýðingarlaust væri að krefjast staðfestingar á framangreindu löghaldi, þar sem bifreið þessi hefði verið seld á nauðungaruppbóði, eftir að löghaldið var á hana lagt.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði algerlega sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. júní 1969 keypti verslunin Fiskbúrið hér í borg bifreiðina R 8685, sem er Ford vörubifreið, smíðuð árið 1959, en einkaeigandi verslunarinnar er stefnda, Sigurbjörg. Seljandi bifreiðarinnar var Guðmundur Einarsson. Í afsali fyrir bifreiðinni segir, að hún seljist í núverandi ástandi, sem kaupandi hafi þegar kynnt sér. Stefndi, Sveinn, unnusti stefndu, Sigurbjargar, kom fram fyrir hönd framangreindrar verslunar við kaup þessi. Hefur hann borið fyrir réttinum, og sá framburður er studdur vætti eins vitnis, að seljandi bifreiðarinnar, Guðmundur Einarsson, hafi við söluna lofað að koma bifreið þessari í skoðunarhæft ástand, en bifreiðin var án skoðunar, þegar kaupin fóru fram.

Seljandi bifreiðarinnar, Guðmundur Einarsson, flutti bifreiðina til stefnanda máls þessa, sem er bifreiðaviðgerðarmaður. Stefnandi hefur borið fyrir réttinum, að hann hafi ekki verið heima, þegar Guðmundur þessi kom með bifreiðina, en hafi það eftir konu sinni, að það hafi verið Guðmundur, sem kom með bifreiðina. Daginn eftir segir stefnandi, að stefndi, Sveinn, hafi komið og beðið um viðgerð á bílnum þannig, að hann kæmist í gegnum bifreiðaskoðun. Kveðst stefnandi hafa tekið þetta að sér og jafnframt að sjá sjálfur um að koma bifreiðinni í gegnum skoðun. Það helsta, sem gert hafi verið við á bílnum, hafi verið kveikjan, bremsurnar, enn fremur hafi verið stillt millibilið á framhjólunum og framkvæmd á honum ljósastilling. Þá hafi verið settir tveir speglar á hliðar bifreiðarinnar og ný stefnuljós. Mesta vinnan hafi hins vegar farið í það að lagfæra bremsurnar. Hafi alveg verið skipt um bremsuborða og tvær bremsuskálar hafi verið renndar. Þurft hafi að fræsa upp bremsudælurnar, setja í þær nýtt gúmmí og þvo þær allar upp, þar sem þær hafi verið allar útataðar í feiti.

Meðan á viðgerð stóð, segir stefnandi stefnda, Svein, hafa greitt suma reikninga í sambandi við viðgerðina, og er það vegna efniskaupa.

Hinn 4. júlí 1969 fór fram skoðun á bifreiðinni. Var bifreiðin skoðuð tvisvar sinnum þann dag, vegna þess að í fyrra sinnið, sem hún var skoðuð, mun skoðunarmönnum eigi hafa þótt hún í það góðu lagi, að skoðunarfær væri. En í síðara sinnið, sem bifreiðin var skoðuð þann dag, var henni veitt skoðunarvottorð. Stefnandi hefur borið, að þann dag, sem skoðun bifreiðarinnar fór fram, hafi hann ásamt starfsmanni frá stefnda, Sveini, farið með bifreiðina að verkstæði rétt hjá athafnasvæði Bifreiðaeftirlitsins við Skúlagötu. Hafi þetta verið í því skyni að fá þar lánaða borvél til þess að festa númer á bifreiðina. Meðan þeir hafi verið í porti þessa verkstæðis, kveður hann stefnda, Svein, hafa komið þar að og boðist til þess að aka sér heim. Jafnframt hafi stefndi, Sveinn, sagt við sig, að hann skyldi fara að taka saman reikningana, en á meðan hafi Sveinn sagst ætla að sækja peninga. Hins vegar hafi Sveinn aldrei komið að greiða reikninginn.

Stefndi, Sveinn Árnason, hefur komið fyrir réttinn til skýrslugjafar. Neitar hann því að hafa beðið stefnanda að framkvæma viðgerð þá, sem stefnt er um í máli þessu. Hins vegar kveðst hann hafa sent tvo starfsmenn sína til þess að aðstoða stefnanda við viðgerðina, þar eð sér hafi verið farið að þykja hún dragast á langinn. Kveðst hann hafa viljað hafa hönd í bagga með framkvæmd viðgerðarinnar, þannig að hann fengi bílinn úr viðgerðinni í samræmi við þá munnlegu samninga, sem hann hefði gert við seljanda hennar, Guðmund Einarsson, þess efnis, að Guðmundur sæi um, að bifreiðin væri í skoðunarhæfu ástandi, þegar hann fengi hana. Sveinn kvað Guðmund Einarsson enn fremur hafa lofað að sjá um að koma bílnum í gegnum skoðun, en Sveinn kvaðst hafa tekið að sér í þessum samningum að greiða tryggingargjald, þungaskatt og skoðunarskatt af bílnum. Sveinn taldi sig hafa skýrt stefnanda frá þessu munnlega samkomulagi sínu við Guðmund Einarsson, um leið og hann afhenti stefnanda skjöl varðandi bílinn. Þó sagðist Sveinn ekki alveg þora að fullyrða þetta. Þessu hefur stefnandi mótmælt.

Stefndi, Sveinn, sagðist ekki muna eftir því, að hann hefði greitt aðra reikninga í sambandi við viðgerð þessa heldur en fyrir kveikjuþræði. Þó geti vel verið, að um einhverja fleiri reikninga hafi verið að ræða, þótt hann myndi ekki að greina frá því nú. Hann kvaðst telja það rétt, að hann hefði ekið stefnanda heim til

sín frá verkstæðinu handan við athafnasvæði Bifreiðaeftirlitsins. Hins vegar kvaðst hann ekki minnst þess, að hann hefði sagt við stefnanda, að hann skyldi fara að taka saman reikningana, meðan hann sækti sjálfur peningana.

Stefndi, Sveinn, bar, að bæði hann og þeir starfsmenn hans, sem unnu að viðgerðinni með stefnanda, hafi veitt því athygli, að stefnandi hafi óeðlilega oft verið ölvaður við viðgerðina.

Vitnið Sævar Helgason, starfsmaður í efnaverksmiðjunni Eimur, hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi aðstoðað stefnanda við viðgerð á bílnum samkvæmt beiðni stefnda, Sveins, þar sem Sveini hafi þótt viðgerðin vera tekin að dragast á langinn. Kvað vitnið viðgerðina hafa farið fram á götunni fyrir framman hús stefnanda. Hafi sér þótt stefnandi heldur laus við viðgerðarstörfin og verið talsvert mikið inni við, enda þótt hann hefði getað verið við vinnu. Af þeim sökum hafi viðgerðin dregist á langinn. Vitnið kveðst stundum hafa fundið áfengisþef af stefnanda, meðan viðgerð stóð yfir. Kvaðst hann hafa skýrt stefnda, Sveini, frá þessu. Minnti vitnið, að það hafi unnið með stefnanda að viðgerð bifreiðarinnar tvo daga. Fyrri daginn frá hádegi til kvölds, en síðari daginn allan.

Vitnið Oddur Ragnarsson bifvélavirki hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi verið með stefnda, Sveini, á bílasölu þeirri, sem gengið var frá kaupunum á. Kvaðst vitnið þá hafa heyrt seljanda bifreiðarinnar við framangreint tækifæri lýsa því yfir við stefnda, Svein, að hann skyldi sjá um að koma bílnum í skoðunarfært ástand. Ekki kvaðst vitnið hafa heyrt neitt á það minnst, hver ætti að greiða þá viðgerð, sem nauðsynleg væri til að koma bílnum í gegnum skoðun. Hins vegar kvaðst vitnið hafa lagt þann skilning í framangreind ummæli seljanda bifreiðarinnar, að hann mundi á sinn kostnað sjá um að koma bílnum í skoðunarfært ástand.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi, Sveinn, hafi beðið um viðgerð þá, sem stefnt er um í máli þessu. Hafi hann beðið um, að gert yrði allt við bifreiðina, sem til þyrfti, að hún fengi skoðun. Til stuðnings því, að stefndi, Sveinn, hafi beðið um framkvæmd þessarar viðgerðar, bendir stefnandi á það, að Sveinn hafi sjálfur greitt suma efnisreikninga viðvirkjandi viðgerðinni og enn fremur hafi hann sent starfsmenn sína til sín til þess að aðstoða við viðgerðina. Sveinn hafi í þessu efni komið fram fyrir hönd eiganda bifreiðarinnar, Fiskbúrsins, sem stefnda, Sigurbjörg, sé einkaeigandi að.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi aldrei af þeirra hálfu verið falið að framkvæma hina umdeildu viðgerð á bifreiðinni. Munnlegt samkomulag hafi verið milli stefnda, Sveins, og seljanda bifreiðarinnar, Guðmundar Einarssonar, um það, að seljandi sæi um að koma bifreiðinni í skoðunarfært stand. Hafi hann fært bifreiðina til stefnanda og þar hafi viðgerðin á henni átt að fara fram á kostnað seljanda, enda hafi slíkt verið forsenda kaupanna af hálfu Fiskbúrsins. Stefnanda hafi verið um þetta kunnugt, enda hafi stefndu aldrei samið við hann um umrædda viðgerð né á nokkurn hátt beðið hann að framkvæma hana. Halda stefndu því fram, að þau hafi aldrei falið stefnanda að vinna slíkt verk sem þetta, enda hafi þau ekki þekkt hann. Hins vegar hafi verið kunningsskapur milli seljanda bifreiðarinnar og stefnanda. Hafi seljandi bifreiðarinnar m. a. unnið hjá stefnanda áður fyrr. Auk þess hafi stefnandi framkvæmt viðgerðir á bifreiðum Guðmundar Einarssonar áður fyrr. Sérstaklega er þess krafist af hálfu stefndu, að stefndi, Sveinn, verði sýknaður í máli þessu, þar sem umrædd bifreið sé honum óviðkomandi, enda eigandi hennar Fiskbúrið, en stefndi, Sveinn, sé ekki eigandi þess fyrir-tækis.

Stefnandi hefur sönnunarbyrðina fyrir því, að stefndi, Sveinn, hafi beðið hann að framkvæma hina umdeildu viðgerð. Bendir ýmislegt til þess, að sú hafi verið raunin, en gegn eindregnum andmælum stefnda, Sveins, um þetta atriði þykir óvarlegt að telja það sannað.

Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurbjörg Guðjónsdóttir og Sveinn Árnason, eiga að vera sýkn í máli þessu af kröfum stefnandans, Þorvalds Jónassonar.

Málskostnaður fellur niður.